

**Ed.**

## **106. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um dýralækna, nr. 61, 3. nóv. 1915.

Flutningsm.: Magnús Torfason.

1. gr. í lögum nr. 61, 3. nóv. 1915, orðist svo:

Dýralæknar skulu fimm, tveir í Sunnlendingafjórðungi, þriðji í Vestfirðingafjórðungi, fjórði í Norðlendingafjórðungi, fimmti í Austfirðingafjórðungi. Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

### **Greinargerð.**

Breyting sú á lögum um dýralækna frá 3. nóv. 1915, er hér kemur fram, er flutt vegna ákveðinna en eðlilegra óska bænda á Suðurlandsundirlöndinu til þess að fá sérstakan dýralækni, en í þessu tilliti hafa þeir verið mjög afskiptir.

Með auknum framförum í landbúnaði og betri meðferð á búpeningi er óumflýjanlegt að fjölga dýralæknunum. Breyting þessi fer fram á, að þeir verði 5 samtals á öllu löndinu, og mega þeir ekki færri vera. Þessi dýralæknafjöldgun hefir aðeins lítinn kostnað í för með sér, en sá kostnaður er hverfandi samanborið við það gagn, sem dýralæknir í stærsta landbúnaðarhéraði löndisins gæti gert.

Sankvæmt búnaðarskýrslum frá 1931 er gripafjöldi í Vestur-Skaftafells-sýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu sem hér segir: sauðfé 143351, nautgripir 8262, hross 14376, en gripastóll allra löndsmanna er á sama tíma: sauðfé 640031, nautgripir 30070, hross 50657. Dýralæknir sá, sem á Suðurlandsundirlöndið kæmi, þyrfti því að annast um 15 þúsund sauðfjár, 2200 nautgripi, 4200 hross fram yfir það, sem aðrir dýralæknar löndisins hefðu að annast. Þessar tölur sýna augljóslega, að krafa bænda á Suðurlandsundirlöndinu er í alla staði hin sanngjarnasta. Sem stendur eru ekki til nema 4 dýralæknar á löndinu, en tveir dýralæknanemar, er stunda nám við erlenda háskóla, hafa nú bráðum lokið því. Það er því ekki ástæða til þess að fresta stofnun þessarar sýslanar vegna þess, að enginn dýralækni sé til þess að taka við henni. Þráfaldlega hafa komið fram ákveðnar óskir um, að dýralæknir fengist með búsetu á Suðurlandsundirlöndinu, en nú hafa þessar óskir orðið háværi en oft áður, og stafar það meðal annars af því, að ýmsir sauðfjársjúkdómar hafa nú gert alvarlegan usla á Suðurlandsundirlöndinu, en auk þess er hin mesta nauðsyn að hafa dýralækni í nánú sambandi við mjólkurbúin til leiðbeiningar og eftirlits. Dýralæknir sá, sem er í Reykjavík, hefir nú svo mikinn starfa þar og í nágrenni, að hann getur aðeins að litlu leyti sinnt óskum og þörfum bænda á Suðurlandsundirlöndinu.